

96

30. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 136 1945, um breyting á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans.

1. gr.

a-liður 2. gr. orðist svo:

- a. 48 klst. við útvinnu og 45 klst. við innistörf þegar unnið er á sama tíma daglega og aðeins á virkum dögum og hinn reglulegi vinnutími fellur innan tímabilsins kl. 7—18 alla virka daga nema laugardaga, en þá kl. 7—12.30.

2. gr.

d-liður 2. gr. orðist svo:

- d. 38½ klst. á skrifstofum og teiknistofum, enda sé hinn venjulegi starfstími aðeins á virkum dögum á sama tíma daglega og innan tímabilsins kl. 8—18 alla virka daga nema laugardaga, en þá til kl. 12.30.

3. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. júní 1950.

Póst- og símamálaráðherrann, 30. maí 1950.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hlíðdal.

97

30. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 45 frá 11. marz 1946, um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja.

1. gr.

I. liður 1. gr. orðist svo:

- I. Í skrifstofum, teiknistofum, við rannsóknarstörf, söfnin og önnur hliðstæð störf 38½ klst.

Daglegur starfstími skal vera frá kl. 9—12 og kl. 13—17½ með hálftrar klukkustundar kaffihléi eða frá kl. 13—17, ef kaffihléi er sleppt. Á laugar- dögum er vinnutíminn aðeins til kl. 12½. Afgreiðslu- og viðtalstími skal ekki vera undir 4 klukkustundum á dag (2 klst. á laugardögum) og yfirleitt á timanum frá kl. 10—12 og kl. 13½—15½.

2. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. júní 1950.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1950.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.